

Nd.

197. Frumvarp til laga

[90. mál]

um breyting á landskiptalögum, nr. 46 27. júní 1941.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 10. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú á ekki að endurskipta gömlum túnnum, engjum eða öðru landi, — sem afnotaréttur (eignarréttur) hefur skapast um samkvæmt nefndum hefðarlögum, — um leið og beitolandi er skipt, og skal þá eigi að síður meta hið hefðbundna land, og komi í ljós skakkt hlutfall samkvæmt því fasteignamati, sem skipt er eftir, þá skal það jafnað um leið og beitolandinu er skipt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Landbúnaðarnefnd flutti samhljóða frumvarp þessu á síðasta þingi. Frumvarpið dagaði þá uppi í efri deild. Nefndin flytur frumvarpið nú öðru sinni. Frumvarpinu fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

„Afstaða sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er mjög algeng við landskipti, og eru skiptin þá oftast ágreiningslaust framkvæmd eins og hér er mælt fyrir um, enda mun það vera eftir anda laganna, sbr. 11. gr. — Hins vegar hefur það borið við, þegar sérstaklega ósanngjarnir aðilar hafa átt hlut að máli, að ágreiningur hefur risið um, hvernig skilja þeri lögin viðvíkjandi þessu atriði. Þykir því rétt að taka hér af öll tvímæli.“